

STREYMI FRÁ TÓNLEIKUM OG ÖÐRUM VIÐBURÐUM: VERÐSKRÁ

- A) Ef höfundurinn sjálf/ur ber ábyrgð á streyldum tónleikum og viðkomandi er höfundur allrar þeirrar tónlistar sem er streyld, eru ekki greidd höfundaréttargjöld af streyldinu (undir þetta fellur t.d. „live-stream“ á Facebook, Instagram og YouTube). Ef verk eftir fleiri tónhöfunda eru flutt á slíkum tónleikum (þ. á. m. á ofangreindum veitum), skal greitt **lágmarksgjald kr. 4.700** fyrir einstaka tónleika.
- B) Fyrir streymistónleika sem *ekki* falla undir ofangreint skal — burtséð frá því hvort streymið er beint eða gert aðgengilegt eftir á og streymt skv. pöntun „on-demand“ — skal greiða:
- Af heildartekjum að einstökum tónleikum eða tónleikaröðum allt að kr. 8.800.000 skal greiða **4,24%**. Af tekjum umfram kr. 8.800.000 skal greiða **3,18%**.
 - Með heildartekjum er m.a. átt við styrki, kostanir, miðasölu, frjáls framlög í gegnum þjónustuveitur eins og Aur/Kass, sem og aðrar tekjur.
 - Aldrei skal þó greidd lægri fjárhæð en sem nemur **kr. 0,9** fyrir hverja streymda mínútu af tónlist á hvern hlustanda. Uppsafnað áhorf gildir hvað varðar fjölda áhorfenda (burtséð frá því hversu lengi hver áhorfandi horfði á streymið). Dæmi: 1.000 áhorfendur hlusta á 60 mínútna tónleika þýðir höfundaréttargjöld upp á 54.000 kr.
- C) Fyrir streymi tónleika af hálfu fyrirtækja, stofnana eða samtaka, sem þó eru **ekki eða lítið tekjuskapandi s.s. þegar ekki er selt inn á tónleikana**, skal reikna lágmarksgjald af streyldinu skv. annarri hvorri neðangreindra aðferða, sem gefur hærri niðurstöðu fyrir STEF.
- **10%** af framleiðslukostnaði/kostnaðaráætlun tónleikanna, **eða**
 - **0,9 kr.** fyrir hverja streymda mínútu af tónlist. Uppsafnað áhorf gildir hvað varðar fjölda áhorfenda (burtséð frá því hversu lengi hver áhorfandi horfði á streymið). Dæmi: 1.000 áhorfendur hlusta á 60 mínútna tónleika þýðir höfundaréttargjöld upp á 54.000 kr.
- D) Þegar hljóð og mynd er skeytt saman á varanlegan hátt og slíkt er gert aðgengilegt almenningi, er um hljóðsetningu að ræða og þarf þá að greiða sérstakt hljóðsetningargjald. Tónleikar sem streymt er beint bera ekki slíkt hljóðsetningargjald. Vilji tónleikahaldari hafa tónleikana áfram aðgengilega eftir á, á netinu til að hægt sé að horfa á þá síðar getur hann bætt við leyfið til opinbers flutnings, leyfi fyrir hljóðsetningu. Hljóðsetningar gjald er reiknað sem **10% álag** ofan á ofangreint höfundaréttargjald fyrir opinberum flutningi. Athygli er vakin á því að ekki þarf að greiða sérstakt hljóðsetningargjald ef tónleikarnir eru eingöngu aðgengilegir á YouTube, Facebook eða Instagram.

- E) Ekki eru greidd nein höfundaréttargjöld af góðgerðartónleikum sem ætlað er að safna fé til tiltekins málefnis, svo lengi **sem allir aðrir sem koma að tónleikunum falla frá kröfum um greiðslu**, en þá er ekki einungis átt við flytjendur, heldur einnig tónleikastaðinn, tæknaðstoð og leigu á tilheyrandi búnaði.
- F) Fyrir streymi á viðburðum þar sem tónlist er flutt, en hún er þó ekki í forgrunni (ólíkt við tónleika) s.s. þegar um er að ræða árshátíðir eða aðra mannfagnaði skal greiða 4,24% að aðgangseyri ef miðar eru seldir að viðburðinum.

Aldrei skal þó greidd lægri fjárhæð en sem nemur lágmarksgjöldum skv. tónleikaverðskrá STEFs (sjá: stef.is/vidskiptavinir/tonleikar), sem miðast við fjölda áhorfenda að hinum streymda viðburði. (Uppsafnað áhorf gildir hvað varðar fjölda áhorfenda, burtséð frá því hversu lengi hver áhorfandi horfði á streymið).

Upphæðir þessar miðast við lánskjaravísitölu og uppfærast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu

Tónleikahaldarar eru beðnir um að fylla út í tilkynningu um streymda tónleika svo og lagalista á heimasíðu STEFs.

Upphaflega samþykkt af stjórn STEFs 27. janúar 2023